

Nr. 028 / 13 Ísleifur VE 63***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1610
Smíðaður: Skála Færeyjum 1976, stál
Stærð: 550,8 brl. 756 bt.
Mesta lengd: 55,34 m Skráð lengd: 49,93 m
Breidd: 9,0 m Dýpt: 6,7 m
Vél: Wärtsilä 1997, 2460 kW
Fjöldi skipverja: 14



Ísleifur© Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. mars 2013 var Ísleifur VE 63 við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverjar voru að snúa loðnunót á bryggjunni til að taka réttan enda hennar fyrst um borð. Skipverjar voru uppi á nótarhaugnum og tóku við nóttinni ofan úr nótablökk sem hékk í vörubílskrana. Einn skipverja sem tók við korkateininum missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig en í fallinu náði hann að snúa sér við. Annar fótur hans var þá fastur í nóttinni og slengdist höfuð hans niður í korkabinginn þar sem hendurnar sem hann bar fyrir sig fóru inn á milli korkanna.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að þegar hann var að afhenda flotteininn til félaga síns hafi hann misst jafnvægið og fallið;
- að nótahaugurinn var kominn upp í þrjá til fjóra metra að áliti slasaða þegar hann féll niður af haugnum rúma mannhæð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.